

Ari Páll Kristinsson

Um greiningu á málstöðlun og málstefnu

Haugen, Ammon og Spolsky
í íslensku samhengi

1 Inngangur

Markmið þessarar greinar er annars vegar að kynna þrenns konar kenningar og greiningaraðferðir er varða málstöðlun, málstefnu og málstýringu og hins vegar að sýna hvernig þær nýtast við greiningu á íslensku efni.¹

Í 2. kafla er hugað að kenningum tveggja höfunda sem fjallað hafa um stöðlun og þjóðtungur. Annars vegar er skýrt frá vel þekktri greiningu Haugens (1966 o.v.) á meginskrefum þess ferlis þegar málafríð tekur á sig mynd staðlaðrar þjóðtungu. Hins vegar er sagt frá líkani Ammons (2003, 2015 o.v.) um þá gagnvirku þætti sem hann telur ráða því hvað teljist til staðalmáls. Í 3. kafla er fjallað um málstefnu og málstýringu og raktar meginhugmyndir Spolskys (2004, 2009) í því sambandi og nýlegar endurbætur (Spolsky 2018). Jafnframt því að kynna hugmyndir ofangreindra fræðimanna eru í 2. og 3. kafla sýnd og skýrð margvísleg dæmi um hvernig greiningaraðferðum þeirra og hugmyndum ýmist hefur verið beitt eða mætti beita til skýringar á vissum þáttum í íslenskri málsögu og málstefnu. Í 4.

¹ Ég þakka ritrýnum góðar ábendingar og tillögur um orðnotkun og framsetningu. Orð og tunga 21 (2019), 129–151. © Ari Páll Kristinsson. CC BY-NC-SA 4.0.

kafla, lokaorðum, er efnið tekið saman. Þar er einnig rætt um kosti og annmarka greiningaraðferðanna sem kynntar eru í 2. og 3. kafla og tæpt á fleiri hugmyndum sem vert er að vinna með og gefa gaum.

2 Stöðluð þjóðtunga verður til

2.1 Fjögurra skrefa ferli

2.1.1 Áhrifaríkar hugmyndir Haugens

Norskættaði Bandaríkjamaðurinn Einar Haugen (1906–1994) þróaði kerfisbundna lýsingu á því ferli þegar stöðluð þjóðtunga verður til (1966, 1972, 1983). Greining Haugens hefur haft heilmikil áhrif og verið víða beitt (sjá t.d. Vikør 1997:103–124; Deumert og Vandebussche 2003, Coupland og Kristiansen 2011:20–23). Helstu atriði í hugmyndum Haugens eru rakin á íslensku hjá Kristjáni Árnasyni (2002:161–164) og eru íslensk heiti í þessum kafla m.a. frá honum komin. Í safnritinu *Germanic Standardizations. Past to Present* (ritstj. Deumert og Vandebussche 2003) er 16 germönskum málum lýst í jafn mörgum köflum þar sem allir höfundarnir gengu út frá líkani Haugens. Ritstjórnarnir segja í formála:

Haugen's four-step model of language standardization [...] has the advantage that it is broad as well as detailed enough to function as a frame of reference for the description of highly varied standardization histories. [...] Haugen's well-known model defines four central dimensions along which standard languages develop:

1. norm selection,
2. norm codification,
3. norm implementation, and
4. norm elaboration. (Deumert og Vandebussche, 2003:4)

Eins og sjá má í ofangreindri tilvitnun skilgreindi Haugen fjögur þrep í stöðlunarferli þjóðtungna. Velja þarf eitthvert málafbrigði eða mállýsku sem grunnviðmið (*val á viðmiði*, e. *selection of norm*, Haugen 1966:933). Sá grunnur er skráður og ýmis atriði stöðluð eða samræmd (*málstöðlun*, e. *codification of form*, s.st.). Þriðja skrefið kenndi Haugen (1966:933) upphaflega við *samþykki samfélagsins* eða *viðtöku* (e. *accept-*

ance by the community, en þar sem það er ekki beinlínis „aðgerð“ þegar málsamfélag fellst á að nota viðkomandi málviðmið og málstaðal þá breytti Haugen (1972:294) hugtakinu síðar í *propagation*, sem þýða mætti sem útbreiðslu, og enn síðar tók hann upp hugtakið *implementation* (Haugen 1983:275) sem mætti nefna á íslensku *framkvæmd* eða eitthvað í þá áttina. Átt er við það að málstaðlinum er komið í gagnið í samfélaginu. Þá er ónefnt fjórða skrefið en það felst meðal annars í því að auka orðaforða og þróa mál og málsnið svo að tungan dugi til umfjöllunar um margvísleg efni, t.d. í tækni og vísindum, og við málnotkun í listrænum tilgangi. Þetta skref (e. *elaboration of function*, Haugen 1966:933) hefur verið nefnt á íslensku *þróun, ræktun* (Kristján Árnason 2002:163) eða *málauðgun* (Ari Páll Kristinsson 2017:114).

Þá greinir Haugen (1966:933) hugtökin jafnframt þannig að *val á viðmiði* og *viðtaka* (síðar *framkvæmd*) tengist sérstaklega samfélaginu en *málstöðlun* og *málauðgun* helst tungumálinu sjálfu og formum þess. Í endurskoðuðu líkani Haugens (1983:275) kom fram sama meginhugsun og áður en einnig komu þar til skjalanna hugtökin *stöðustýring* (e. *status planning*) sem snýr „út á við“ að samfélaginu (varðar val á viðmiði og framkvæmd) og *formstýring* (e. *corpus planning*) sem snýr „inn á við“, að tungumálinu sjálfu (varðar *málstöðlun* og *málauðgun*).

Samkvæmt þessum hugmyndum þarf samfélagið sem sé að velja sér við hvaða form það vill miða – og fólk þarf að samþykkja það val. Mállegir eða formlegir eiginleikar viðmiðsins eru skráðir og staðlaðir (þar koma við sögu málfræðirit, orðabækur, ritreglur o.s.frv.) og síðan verður að auðga tjáningarmiðilinn með nýjum orðum og fjölbreyttum textategundum. Hið síðastnefnda, málauðgunin, tengist óneitanlega því hlutverki sem tungumálið gegnir í samfélaginu, t.a.m. ef það á að duga í vísindum, stjórnsýslu og kennslu og uppfylla fleiri slíkar kröfur sem gerðar eru a.m.k. til þjóðtungna. Jafnframt er málauðgun nátengd málinu „sjálfu“ enda felst hún í þróun á orðaforða og stíl. Útvíkkun á hlutverki tungumáls kallar með öðrum orðum á breytingar á formi þess.

2.1.2 Íslenska

Íslensk málsaga og málstýring hefur verið skýrð og greind m.a. með hliðsjón af skrefunum fjórum hjá Haugen (1966 o.v.) og verða hér nefnd dæmi um það.

Kristján Árnason (2002, 2003a) fylgdi þessu líkani við lýsingu á þróun íslenskunnar sem staðlaðrar og ræktaðrar þjóðtungu. Í skrifum

um þróunarferlið staldraði Kristján ekki síst við fyrsta skrefið, þ.e. val á viðmiði (Kristján Árnason 2002, 2003a). Í umfjöllun um uppruna íslensks ritmálsstaðals hefur Kristján bent á að val á viðmiði virðist ekki hafa vafist fyrir mönnum við upphaf ritaldar á Íslandi og líklega hafi ritmálið, sem var einnig notað í Noregi á 12. öld og framan af 13. öld, byggst á einu málafbrigði sem átti sér talsverða sögu í munnlegri geymd; þessi grunnur hafi síðan verið auðgaður allar götur síðan og jafnframt staðlaður enn frekar, ekki síst á 19. og 20. öld, og staðlinum haldið að málnotendum og þá fyrst og fremst í sambandi við lestrar- og skriftarnám og almenna ritmenningu (Kristján Árnason 2002, 2003a). Því er við þetta að bæta að ég hef fjallað um það út frá tilteknum dæmum hvernig ofangreint val á viðmiði, þ.e. að byggja í stórum dráttum á íslensku miðaldatextunum, hefur sín áhrif enn í dag þegar kemur að stöðlun nútímaíslensku (Ari Páll Kristinsson 2009a).

Að því er varðar málstöðlun, í skilningi Haugens, tiltekur Kristján Árnason (2003a:260–263) t.d. þátt *Snorra-Eddu* í samræmingu skáldskaparmálsins og hlut málfræðiritgerðanna fjögurra að því er varðar aðra þætti – og þá einkum atrennu Fyrsta málfræðingsins að hljóðkerfisgreiningu og stöðlun stafsetningar hins unga ritmáls. Þegar kemur að viðtöku eða framkvæmd vekur Kristján (2003a:267) m.a. athygli á því að viðmiðið sem valið hafði verið átti engan innlendan keppinaut en styrktist í sessi þegar kirkjan tók það upp á sína arma. Kristján (2003a:265) bendir einnig á t.d. hve vandasöm en jafnframt mikilvæg málauðgun hafi fylgt því þegar farið var að þýða kristilega texta á hið forna norræna mál.

2.2 Kraftar sem ákvarða hvað telst til staðalmáls

2.2.1 Líkan Ammons

Þýski málfræðingurinn Ulrich Ammon (1943–) hefur sett fram líkan um fjórar helstu tegundir krafta sem ákvarða hvaða málnotkun geti talist til staðalmáls. Líkanið spratt upp úr athugunum Ammons á þýsku í Þýskalandi, Austurríki og þýskumælandi hluta Sviss.

Hér er einkum stuðst við tvær greinar Ammons (2003, 2015) þar sem hann útskýrir hugmyndir sínar. Útgáfurnar tvær eru nokkuð samhljóða en þó ekki að öllu leyti; því er getið um mismunandi orðalag í tilvitnunum hér á eftir. Ammon tilgreinir fjóra þætti, (1a) – (1d).

(1a) Hinn skrásetti málstaðall, þ.e. sú málnotkun sem sýnd er í (vísandi) orðabókum, málfræðibókum og kennslubókum; e. *Language codifiers: language codex* (Ammon 2015); *Linguistic codex* (Ammon 2003).

(1b) Fólk sem hefur í einhverjum skilningi vald til að leiðrétta málfar annarra og er þar m.a. átt við kennara; e. *Language-norm authorities: language corrections* (Ammon 2015); *Language-norm authorities: corrections* (Ammon 2003). Þennan þátt líkansins skýrir Ammon (2015:63–64) m.a. þannig:

Any individual who has the power, however established, to effectively correct other individuals' speech or writing is a language-norm authority, like for example any grandmother vis-à-vis her grandchildren or any older vis-à-vis her younger siblings. For standard varieties there are, however [...] professional language-norm authorities with language correction as part of their professional tasks, like school teachers, radio and TV directors, copy editors and also superiors in offices, especially of the state administration, but also in private companies. They are typically not only entitled to correct their language-norm subjects' language behaviour, but even obliged to do so.

(1c) Málnotkun einstaklinga eða höfunda sem hafðir eru sem einhvers konar fyrirmynd sem og málfarið í töluðum og rituðum textum sem nýttir eru sem fyrirmyndir; e. *Model-speakers and model-authors: model texts* (Ammon 2015); *Professional speakers/writers: model texts* (Ammon 2003). Þetta skýrir Ammon (2015:58) nánar:

The public sphere is [...] naturally one of the primary arenas where the norms of standard varieties become established. The social forces which play a major role in this arena are what I call the model speakers and authors [...]. Their main members are, as a rule, professional speakers and authors in the mass media: newsreaders and journalists for major, especially national, radio and TV channels or newspapers and journals. They produce the model texts. They confirm the existing standard variety norms on the one hand, but are the sources of new norms or of norm changes on the other hand.

(1d) Mat sérfræðinga um málfræði og málnotkun; e. *Language ex-*

perts: expert judgements (Ammon 2015); *Language experts: judgements* (Ammon 2003). Um þennan hóp fólks og mat sem það leggur á gildandi málstaðal segir Ammon (2015:62) m.a.:

Whenever a new edition of the language codex or a part of it appears, it will be reviewed by language experts, i.e. linguists. I call this separate group “language experts (with respect to codification)”. They are different from the codifiers, but both groups overlap if codifiers review parts of the codex written by others. The language experts are, generally speaking, all those whose reviews of the language codex are, or have a chance of being, taken seriously. They have a potential impact on what is or what is not standard in the respective language if their criticism of the codex flows into its next edition.

Í líkani Ammons (2003:12, 2015:57) er sem sé gert ráð fyrir að hin ferns konar málsamfélagslegu öfl (Ammon notar hugtakið *social forces*), og síðan innbyrðis samspil þeirra, ráði því hvað telst tilheyra málviðmiðum í opinberum töluðum og rituðum textum; m.ö.o. hvað teljist staðalmál. Þá er jafnframt gert ráð fyrir gagnvirku samspili þáttanna fjögurra.

Meginatriði í hugmyndum Ammons er að staðalmál sé ekki skráð² í eitt skipti fyrir öll heldur séu ofangreindir kraftar sífellt að verki og hafi áhrif hver á annan og þannig verði málstaðallinn að einhverju leyti kvikur og í sífelldri mótun.

Ammon tekur fram í yngri greinum sínum um efnið að líkanið eigi að lýsa staðli þjóðtungna og annarra viðurkenndra staðalmála en að aðrir og ólíkir kraftar ákvarði viðmiðin í málafríggðum á borð við svæðisbundnar mállýskur, sem og í unglíngamálsniði o.fl. (sjá t.a.m. Ammon 2015:57).

2.2.2 Íslenska – um Björn Guðfinnsson og fleira

Ég hef sjálfur notað líkan Ammons við umræðu um möguleg áhrif útvarpsmáls á annað málfar (Ari Páll Kristinsson 2009b:90–91), einkum með hliðsjón af lið (1c), enda þótt margir fleiri þættir komi til í því sambandi.

Einnig hef ég gripið til ofangreindra meginatriða Ammons (2003) í umfjöllun um tímabilið frá því um og upp úr miðri 19. öld og næstu

² Sbr. stöðlunar- eða skráningarþrepið (e. *codification of form*) skv. Haugen, í 2.1.1 hér á undan.

hundrað árin eða svo. Í framhaldi af umfjöllun um þætti (1a)–(1d) segir þar:

Segja má að allir þættirnir hafi verið til staðar í íslensku mál-samfélagi á þeim tíma sem hér um ræðir: sannarlega var nóg til af fyrirmyndartextum, þ.e. úr bókmenntaarfinum; kennarar og aðrir leiðréttu málnotkun; hinn skrásetti staðall um ritun og málkerfi lá fyrir hjá t.d. Halldóri Kr. Friðrikssyni í kennslu í Lærða skólanum og í kennslubókum hans og annarra (m.a. undir áhrifum Rasmusar Rasks, Sveinbjarnar Egils-sonar, Konráðs Gíslasonar og fleiri) – og seinna komu fram aðrir áhrifamiklir kennarar, orðabókahöfundar og kennslu-bókahöfundar (má þar ekki síst nefna nafn Björns Guðfinns-sonar) sem í senn skrásettu og sköpuðu málstaðalinn í ritum sínum; og loks lögðu aðrir málfræðingar einnig til umræð-unnar með gagnrýni og ritdómum o.s.frv. (Ari Páll Kristins-son 2017:103).

Í þessu sambandi er ástæða til að huga nánar að Birni Guðfinnssyni (1905–1950) í ljósi hinna fjögurra meginþátta í greiningu Ammons.

Það hlýtur að teljast óvenjulegt, ef ekki einstakt, að færa megi rök að því að einn og sami einstaklingur komi við sögu í öllum fjórum þáttum líkans Ammons. Starfsævi Björns var skömm en hún tók einkum til fjórða og fimmta áratugar 20. aldar. En sé litið á áhrif hans á íslenskan ritmálsstaðal og hvernig störf hans á sviði íslenskrar málfræði og málstyringar gætu fallið að líkani Ammons verður ekki betur séð en að þau hafi mögulega getað snert með einhverjum hætti alla þættina fjóra.

Sbr. (1a), skrásetning málstaðals:

Björn Guðfinnsson samdi (vísandi) málfræðibækur sem voru not-aðar mikið og lengi; sbr. Björn Guðfinnsson (1935), (1937) og (1938) ásamt fjölda endurútgáfna. Má hér vísa til ummæla nokkurra mál-fræðinga um áhrif ritanna: „can truly be classified as a codex for the modern norm“ (Kristján Árnason 2003a:274.); „Íslensk málfræði Björns var sannarlega grundvallarrit og skilgreiningar hans og aðferð mótuðu málfræðikennslu grunnskólanna allt frá því fyrir miðja 20. öld og fram á þennan dag“ (Baldur Sigurðsson 2006:83); „Varla hefur önnur málfræðibók haft meiri áhrif hér á landi en málfræði Björns Guðfinnssonar. Í áratugi var hún aðalkennslubók í málfræði í gagnfræðaskólum og menntaskólum og mótaði viðhorf fjölmargra Íslendinga til málfræði“ (Jóhannes B. Sigtryggsson 2006:46).

Sbr. (1b), leiðréttingar:

Björn var mikilvirkur kennari í framhaldsskólum í Reykjavík (og í Ríkisútvarpinu) á fjórða áratugnum og í HÍ á þeim fimmta. Alexander Jóhannesson minntist Björns árið eftir að hann lést og segir: „Björn varð afbragðskennari, strangur og eftirgangssamur, og gerbreytti hann íslenzkukennslunni við þá skóla, er hann kenndi“ (A[lexander] J[óhannesson] 1950–1951:86–87). Björn hefur eflaust ekki dregið af sér við að leiðrétta skriflega málnotkun nemenda sinna hvað varðar stafsetningu, beygingar, setningarleg atriði og stíl og þá má ætla að framburðarkennslan og þjálfun kennara til framburðarkennslu hafi falið í sér leiðréttingar eða leiðréttingartilburði.

Björn Guðfinnsson virðist hafa verið óhræddur við að gagnrýna og leiðrétta málfar opinberlega og ekki bara í kennslu. Hann ritar í *Andvara* 1940 grein með titilinn „Tilræði við íslenzkt mál“ þar sem hann tekur fyrir þýðingar á „sjoppubókmenntum“. Á fimm blaðsíðum í grein Björns eru taldir upp málfarsgallar í þýddri skemmtisögu („Svipurinn hennar“, Vikuritið 1936). Hann leggur síðan út af umfjölluninni með þessum orðum:

Eðlilegt virðist og sjálfsagt, að slíkar sorppýðingar, sem eru beint tilræði við íslenzkt mál, sættu harðri gagnrýni og ættu skammt líf og illt fyrir höndum. Svo er þó ekki. Sjaldnast er á þær minnzt. Þó getur komið fyrir, að góðkunningi þýðandans hripi nokkrar línur og birti í einhverju dagblaðanna, og er það þá tíðast lof eitt og ekki numið við nögl. Ströng, fræðileg gagnrýni á þýðingum er ekki til hér á landi. (Björn Guðfinnsson 1940:80)

Sbr. (1c), fyrirmyndir:

Það kann að virðast langsótt að tengja Björn Guðfinnsson við þennan þátt líkansins, þ.e. að Björn hafi verið fyrirmyndarmálnotandi í þeim skilningi að fólk hafi líkt eftir textum hans, munnlegum og skriflegum. Í íslenskri málstöðlunarsögu er nærtækast að líta á forn- bókmenntir, biblíuþýðingar, kveðskap, þjóðsagnaefni o.s.frv. sem fyrirmyndartexta í mótun staðalmálsins og á 20. öldinni voru fáeinir risar í íslenskri rithöfundastétt sem mætti fella í sama flokk. En því má ekki gleyma að ákveðnir einstaklingar geta verið fyrirmyndir þegar mótaður er staðall þótt þeir séu ekki rithöfundar og þá ekki síst hvað varðar framburð eftir að talmiðlar komu til skjalanna; Ríkisútvarpið var stofnsett 1930. Björn kenndi fjölda manns þann staðalframburð

sem hann vildi koma á og ekki er útilokað að einhverjir hafi gert framburð hans að sínum. Einnig sinnti Björn íslenskukennslu í útvarpinu.

Sbr. (1d), mat sérfræðinga:

Björn Guðfinnsson var sérfræðingur í íslensku máli (lektor 1941 og seinna prófessor í íslensku nútímamáli og hagnýtri íslenskukennslu við HÍ). Hvort sem það hefði komið til eða ekki að hann fékk háskólastöðu þá átti hann greinilega sess sem sérfræðingur í máli og málfræði sem tekið var mark á þegar kom að mati á því hvað væri staðalmál. Stefán Einarsson kallar Björn fremsta kennivald um íslenska nútímamálfræði og framburð:

I note with gratification that in 1947 Dr. Björn Guðfinnsson, *foremost authority on Current Icelandic Grammar and Pronunciation*, has proposed a Standard of Pronunciation, practically agreeing with the one used by me in this book (Stefán Einarsson 1949 [1945]:x; leturbr. APK).

Að því er varðar sérfræðimat Björns á gildandi staðli má nefna að fram kemur í riti hans *Breytingar á framburði og stafsetningu* (1947) að hann hygðist vinna að því að fá gildandi stafsetningarreglum breytt. Þótt hann lýsi fyrirhuguðum tillögum ekki nákvæmlega má ráða anda þeirra af þessum orðum:

Sú er trú mín, að Íslendingar muni aldrei sættast heilum sáttum við núgildandi stafsetningu. [...] Eina skynsamlega leiðin út úr ógöngunum er að sveigja stafsetninguna til muna í framburðar átt, – ekki með barnalegu fikti við einn staf, heldur með samræmdum viðtækum aðgerðum. [...] En á undan slíkri stafsetningarbreytingu verður að fara samræming framburðarins í öllum aðalatriðum. (Björn Guðfinnsson 1947:35)

Líklega hefur Björn hugsað sér að freista þess að vinna framburðarstaðli sínum fylgi fyrst og fylgja honum síðar eftir með tillögum um stafsetningarbreytingar.

Samkvæmt því sem hér hefur verið rakið kom Björn Guðfinnsson úr ýmsum áttum að þeim 20. aldar staðli sem er meginviðmið í íslensku enn í dag. Hér hafa verið færð rök að því að Björn hafi komið við sögu í öllum fjórum þáttunum í líkani Ammons. Það er líklega fáheyrt í stærri málsamfélögum að einn einstaklingur geti haft áhrif á svo mörgum sviðum en var greinilega ekki útilokað í hinu fámenna íslenska mál(fræðinga)samfélagi um miðja 20. öldina.

3 Meginþættir í málstefnu – hugmyndir Spolskys

3.1 Greining Spolskys

Kjarninn í hugmyndum Ísraelsmannsins Bernard Spolskys (f. 1932) er að miða verði við að málstefna (e. *language policy*) sé byggð á samspili þriggja meginstoða. „Language policy may refer to all the language practices, beliefs and management decisions of a community or a polity“ (Spolsky 2004:9). Meginþættirnir eru sem sé þrír, (2a–c):

(2a) *málhegðun*³ (e. *language practices*; „The way people speak...“, Spolsky 2004:217)

Language practices include much more than sounds, words and grammar; they embrace conventional differences between levels of formality of speech and other agreed rules as to what variety is appropriate in different situations. In multilingual societies, they also include rules for the appropriateness of each named language (Spolsky 2004:9).

(2b) *málviðhorf*⁴ (e. *language beliefs, ideologies*; „...the way they think they should speak...“, Spolsky 2004:217)

Language ideology or beliefs designate a speech community's consensus on what value to apply to each of the language variables or named language varieties that make up its repertoire (Spolsky 2004:14).

(2c) *málstýring*⁵ (e. *language management*; „...the way they think

³ Ritrýrnir nefndi að *málhegðun* mætti e.t.v. einnig lýsa sem *málnotkun* eða jafnvel *málvenjum*.

⁴ Það sem Spolsky nefnir *beliefs* og *ideologies* kallast hér *málviðhorf* (sbr. einnig Ara Pál Kristinsson 2017). Ég hef líka notað orðið *málafstaða* (Ari Páll Kristinsson 2007:103) og raunar einnig *málhugmyndafræði* (Ari Páll Kristinsson 2012b) sem þýðingu á e. *language ideology*.

⁵ Spolsky (2004 o.v.) notar enska heitið *language management* en inntak hugtaksins er hjá honum í raun náskýlt því sem hefur verið nefnt á ensku *language planning* a.m.k. síðan 1959 (sjá Ara Pál Kristinsson 2007:105, sbr. einnig Fairbrother, Nekvapil og Sloboda 2018:16). Þetta er viss ókostur og getur boðið heim misskilningi þar sem til er önnur hugmynda- og aðferðafræði innan málræktarfræðinnar sem nefnd er *language management theory* (sjá t.d. Baldauf og Hamid 2018). Kristján Árnason (2002) þýddi enska heitið *language planning* fyrst sem *málstjórnun* en í síðari grein (2004) ýmist sem *málstýring* eða *málstjórnun*.

other people should speak“, Spolsky 2004:217)

There are [...] cases of direct efforts to manipulate the language situation. When a person or group directs such intervention, I call this language management (I prefer the term to planning, engineering or treatment). (Spolsky 2004:8)

Í þessu felst að ekki sé nóg að lýsa málstefnu einfaldlega sem hinni sýnilegu málstýringarviðleitni, sbr. þriðju meginstöðina. Með málstýringu, í hinum þrengsta skilningi, væri t.d. átt við ákvörðun stjórnvalda um hvaða tungumál sé notað í stjórnsýslu eða á löggjafarsamkomu, eða ákvarðanir um hvaða stafsetning skuli kennd í skólum o.s.frv. Samkvæmt greiningu Spolskys væri það ófullnægjandi lýsing á málstefnu tiltekins lands eða stjórnarfarseiningar að horfa eingöngu á stýringuna. Við hana verði að bæta athugunum á tveimur mikilvægum þáttum, sbr. (2a)–(2b); ríkjandi málviðhorfum og þeirri málhegðun sem tíðkast.

In any social group, there may or may not be explicit and observable efforts at language management, but there will be generally one or more ideological views of appropriate language use or behavior, and certainly there will be observable, if irregular and not consistent, patterns of language practice. To study one component of language policy while ignoring the other two will provide a very incomplete and biased view. (Spolsky 2004:39–40).

Í ofangreindri lýsingu á hugmyndum Spolskys hefur hér sérstaklega verið dregið fram að það sé grundvallaratriði að málstefna standi á þremur meginstöðum. Hugmyndir hans um eðli og einkenni málstefnu sem fyrirbæris eru vissulega víðfeðmari en svo. Þær mætti taka saman í fjórum liðum (sbr. Spolsky 2004:39–41 o.v.):

- (3a) Hið þríþætta eðli málstefnu, sbr. (2a)–(2c) sem er kjarninn í hugmyndum hans.
- (3b) Málstefna tekur til alls konar málafríðna, þ.e. ekki einungis til staðlaðra þjóðtungna né heldur takmarkast hún við „skilgreind málafríðni“ (e. *named varieties*).
- (3c) Það eru ekki aðeins samfélög sem heild sem eiga sér málstefnu heldur er málstefna á ferðinni í smærri einingum, svo sem í fyrirtækjum, í stofnunum, í fjölskyldum, í skólum o.s.frv.

(3d) Margvíslegir ytri þættir hafa áhrif á málstefnu.

Þá ber þess að geta að Spolsky (2004:219–221) hefur sérstaklega greint og borið saman megineinkenni á málstefnu eins og hún birtist (skriflega, opinberlega) í ýmsum löndum í dag. Samkvæmt athugun hans er þar um að ræða fjóra meginþætti sem dæmigerð málstefna gerir skil:

- (4a) Í málstefnunni eru talin upp þau tungumál sem skipta máli í viðkomandi samfélagi; gerð er grein fyrir stöðu hvers þeirra fyrir sig og hvaða hlutverki málunum sé (ekki) ætlað.
- (4b) Fram kemur sýnileg hugmyndafræði um samstæðan hóp/þjóð.
- (4c) Hugað er að hnattvæðingu og m.a. tekin afstaða til ensku sem heimstungu (ýmist með jákvæðum eða neikvæðum formerkjum).
- (4d) Hugað er að verndun minnihlutahópa og tungumála þeirra, þ.e. tekið er á einhvern hátt á því málefni.

Ný og breytt útfærsla fyrri hugmynda kom nýlega fram hjá Spolsky (2018). Hún felur í sér tvær viðbætur við málstýringarhlutann (Spolsky 2004, 2009):

I now suggest two important modifications to the original model.

The first is to add advocates to the management component, individuals or groups who lack the authority of managers but still wish to change its practices. (Spolsky 2018)⁶

Í fyrsta lagi leggur Spolsky (2018) nú til að við greiningu á málstýringu verði ekki aðeins að gera ráð fyrir málstýrendum með formleg völd eins og þeim sem hann reiknaði upphaflega með (skólar, málnefndir, stjórnvöld, ákveðnir einstaklingar) heldur líka þeim sem hafa ekki slík völd en sækjast eftir að hafa áhrif á þróun forms og stöðu tungumáls (þrýstihópar, baráttufólk) og sem eiga eftir atvikum eftir að ná í gegn með sín sjónarmið og hafa þannig í fyllingu tímans áhrif í málstýringu. Þetta styðst við fjölda dæma um málstefnu í heiminum. Í Ísrael var grunnur að endurreisn eða nútímavæðingu hebresku lagður hjá baráttufólki einkum meðal sionista seint á 19.

⁶ Tilvitnuð grein (Spolsky 2018) er án blaðsíðutals.

öld og fram eftir 20. öld, með grasrótarverkefnum í bændaporpum í Palestínu í Ottómanveldinu þar sem áhugamenn starfræktu skóla og sinntu annarri menningarstarfsemi á eigin vegum, og stóðu þannig gegn meirihlutamálinu arabísku, gegn enskunni sem bresk stjórnvöld studdu, og gegn ríkjandi erfðamáli stórs hluta gyðinganna sjálfra, jiddískunni. Við stofnun Ísraelsríkis 1948 var hægt að gera hebreskuna að þjóðtungu vegna þess grundvallar sem baráttufólkið hafði lagt undanfarna áratugi við að gera hebreskuna nútímalegri.

Hin viðbótin hjá Spolsky (2018) er að gera verði grein fyrir því hvernig málnotandinn sjálfur stjórnar málhegðun sinni, jafnvel til að andæfa opinberri málstýringu. Spolsky (2018) nefnir þetta á ensku *self-management* sem mætti þýða sem „eigin málstýringu“; „the attempt of speakers to modify their own linguistic proficiency and repertoire“.

The second is to incorporate self-management. [...] until now, I have preferred to consider it accommodation [...] Self-management [...] must be considered an additional important component of language policy, accounting for individual resistance to national management goals.

3.2 Íslenska – með augum Spolskys

Hilmarrson-Dunn og Ari Páll Kristinsson (2010, 2013) lýsa íslensku málsamfélagi frá ýmsum hliðum. Við grípum þar m.a. til greiningar Spolskys (2004 o.v.) á þrjúli málstefnu þegar við leitumst við að draga saman niðurstöður af lýsingu okkar og geta okkur til um þróunina næstu ár:

As defined by Spolsky (2004), language policies consist of practices, beliefs, and management. Thus, management is not likely to be effective in the long run if it is not grounded in prevailing linguistic ideologies and practices of the population in a polity. Linguistic practices and beliefs among the speakers of Icelandic might be leading towards decreased support for maintaining the use of Icelandic in all the domains in which it is in use at present. An implication of this assumption might therefore be that management efforts to continue to modernize the vocabulary and keep Icelandic in use in all domains in the future are in vain. (Hilmarrson-Dunn og Ari Páll Kristinsson 2010:267; 2013:160)

Ég hef bent á að málstefna getur borið góðan árangur enda þótt engin miðlæg málstýringarstofnun komi að málum og í því sambandi notaðist ég við dæmi úr sögu íslenskrar málstefnu, til rökstuðnings og skýringar (Ari Páll Kristinsson 2012a:345–347). Þar tók ég sem dæmi 100 ára tímabil í íslenskri málsögu (1860–1960) og rökstuddi að í málstefnu þjóðarinnar á því tímabili hafi málstýring í skólum og víðar farið saman við ríkjandi málviðhorf og að málhegðun hafi samræmst hinum meginþáttunum í greiningu Spolskys (2004). Á því tímabili náðist að festa íslenskan ritmálsstaðal í sessi hvað varðar orðaforða í vönduðum málsniðum, stafsetningu og beygingar. Þetta gat að einhverju leyti jafnvel átt við um framburð. Á sama tíma var farið að nota íslensku á mun fleiri og stærri notkunarviðum en áður. Rökstyðja má að útbreidd málhegðun meðal tiltölulega stórra hópa í íslensku málsamfélagi hafi á framangreindu tímabili verið í samræmi við þau almennu málviðhorf að í rituðu máli og formlegum málsniðum væri alíslenskur orðaforði æskilegri en tökuorð og að fylgja bæri samstæðum íslenskum málstaðli með fornar og þjóðlegar rætur enda væri hann nátengdur pólitísku sjálfstæði landsmanna. Málstýring á Íslandi um miðja 20. öld fór fram m.a. í skólum, hjá forlögum og í fjölmiðlum og að því er virðist í samræmi við ríkjandi málviðhorf (Ari Páll Kristinsson 2012a:345–348; 2017:101–102). Ég hef sem sé lýst árangri málstefnunnar á Íslandi á því tímabili með tilvísun til hugmynda Spolskys (2004, 2009) um þrjú málstefnu.

Á umræddu skeiði í íslenskri málsögu (1860–1960) var ekki komin til skjalanna opinber íslensk akademía eða málnefnd, né heldur skrifleg opinber málstefna. Slíkt málstefnuskjal kom loks fram á níunda áratugnum í álitserð sem var unnin handa menntamálaráðuneytinu (Guðmundur B. Kristmundsson o.fl. 1986) og annað hjá Íslenskri málnefnd 2008 sem Alþingi staðfesti síðan með þingsályktun 2009 (*Íslenska til alls* 2009). Í kjölfarið fylgdu *Lög um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls* nr. 61/2011.

Á tímum þjóðhyggju og þjóðbyggingar eru líkur til að tiltölulega mikið samræmi geti verið milli þriggja meginstoða málstefnu (í skilningi Spolskys 2004), þ.e. milli málhegðunar, málviðhorfa og málstýringar. Segja mætti að stjórnvöld í tilteknu ríki þyrftu ekki að koma málakademíu eða málnefnd á fót meðan þau teldu að ná mætti tilætlunum árangri án þess. Að því getur þó komið að stjórnvöldin kjósi að bregðast við (meintu) breyttu málástandi m.a. með því að stofnsetja málakademíu eða málnefnd til að styðja við málstýringu í ríkinu. Hugsanlega mætti líta á aðdraganda að stofnun málnefndar á Íslandi

1964 (sjá Halldór Halldórsson og Baldur Jónsson 1993), og síðari lagabreytingar um málnefndina, sem dæmi um þess háttar viðbrögð (sjá Ara Pál Kristinsson 2012a um röksemdafærslu í þessa veru).

Ég hef haldið því fram að íslensk málverndarstefna standi hugmyndafræðilega miklu fastari fótum að því er varðar form en stöðu (Ari Páll Kristinsson 2014). Með því er annars vegar vísað til málforma (sbr. hugmyndir um hreint mál, vandaðar beygingar o.s.frv.) og hins vegar til stöðu íslenskunnar andspænis ensku sem er útbreidd sem samskiptamál á mörgum notkunarsviðum í dag. Mismunandi málviðhorf að því er varðar form annars vegar og stöðu hins vegar skýrði ég með því að vísa til greiningar Spolskys (2004) á meginstöðum árangursríkrar málstefnu (málhegðun, málviðhorf, málstyring). Það sé í raun engin þversögn í þessari lýsingu á íslenskri málstefnu þótt enskunotkun fari vaxandi og einkum á vissum notkunarsviðum (vísað var sérstaklega til ensku í háskólakennslu og vísindastarfi) á sama tíma og stuðningur er enn sem fyrr við málvöndun og hreint mál. Þetta skýrði ég sem sé með því að málviðhorf sem lytu að stöðu málsins væru ekki jafn miðlægur hluti málstefnunnar og málviðhorf sem sneru að formi tungunnar. Þar af mætti einnig álykta að ólíklegt væri að það bæri mikinn árangur að reyna að viðhafa stranga málstyringu sem væri ætlað að takmarka notkun ensku í háskólakennslu og í fræðaskrifum (Ari Páll Kristinsson 2014:166) – enda væri slík málstyring, í skilningi Spolskys (2004 o.v.), ekki nema hluti málstefnunnar.

Ég hef enn fremur fjallað um hugmyndalegan grunn hugtaksins „norrænt málsamfélag“ (Ari Páll Kristinsson 2018, 2019) og rakið mótsagnir milli norrænna málviðhorfa, málhegðunar í samskiptum Norðurlandabúa með mismunandi móðurmál og málstyringarviðleitni sem birtist í opinberum samnorrænum skjölum á borð við *Deklaration om nordisk språkpolitik* (2006). Ég held því fram að það málstyringarmarkmið yfirlýsingarinnar að allir Norðurlandabúar eigi fyrst og fremst samskipti á skandinavísku máli muni seint nást og ástæðan sé sú að málviðhorf og málhegðun málnotendanna hneigist í aðrar áttir. Þarna er byggt á þriggreiningu Spolskys (2004, 2009, 2018) og vísað til þess hvernig þættirnir þrír geta sett hver öðrum skorður. Spolsky (2004:218) lýsir slíkum takmörkunum allrar málstyringarviðleitni með þessum orðum:

Language management remains a dream until it is implemented, and its potential for implementation depends in

large measure on its congruity with the practices and ideology of the community.

Í 3.1 hér á undan var m.a. tæpt á greiningu Spolskys á þeim fjórum meginatriðum sem komi við sögu í málstefnuskjölum og í sýnilegri orðræðu um málstefnu í einstökum samfélögum. Albury (2015) hefur borið þessa fjóra liði Spolskys að íslenskri málstefnu. Albury komst að þeirri niðurstöðu að greiningin komi ágætlega heim og saman við málstefnu á Íslandi en þó með þeirri undantekningu eða sérútfærslu á lið (4d), um minnihlutahópa, að Íslendingar telji íslensku minnihlutamál þegar það hentar; þ.e. í stað þess að tryggja málréttindi t.d. Pólverja á Íslandi sé einkennandi fyrir íslenska málstefnu það viðhorf að íslenska sé svo „lítil“ að hún þurfi sérmeðferð (t.d. hjá Microsoft í sambandi við tölvukerfi og fleira þess háttar). Meirihlutamálið íslenska sé sem sagt sjálft minnihlutamál vegna smæðar málsamfélagsins, eftir því sem fram komi í íslenskri málstefnu-orðræðu.

Nú skal í lokin vikið stuttlega að endurbótum Spolskys (2018), með hliðsjón af íslensku samhengi. Segja má að með „eigin málstýringu“ sé til dæmis átt við það þegar íslenskur málnotandi tekur ákvörðun um það hvort hann talar á ensku eða íslensku t.d. í samskiptum við erlendan þjón á veitingastað í Reykjavík; einnig mætti nefna það þegar valin eru tiltekin íslensk málform en ekki önnur t.d. út frá mati málnotandans á því hversu formleg málnotkunin eigi að vera með tilliti til aðstæðna og viðmælenda í hverju tilviki. Á bak við slíka „eigin stýringu“, sem birtist í málhegðuninni, geta legið málviðhorf viðkomandi málnotanda (t.d. viðhorf til þess hvort enska eða íslenska sé æskilegra tungumál á tilteknu notkunar sviði eða hvort málvöndun sé að einhverju leyti eftirsóknarverð eða ekki), sem og persónuleg markmið af einhverju tagi (t.d. í hvaða ljósi málnotandi vill að aðrir sjái hann). Þannig má segja að „eigin málstýring“, ekki síður en „ytri málstýring“, sé nátengd málviðhorfum og málhegðun, sbr. þá meginhugsun Spolskys sem gerð hefur verið grein fyrir í þessum kafla.

Spolsky (2018) hefur kosið að tilgreina baráttufólk á sviði máls og málnotkunar (e. *language advocates*) sérstaklega í hinni nýlegu endurskoðun hugmynda sinna um málstefnu. Á Íslandi má í dag sjá ýmiss konar dæmi um áhrif grasrótar eða áhugahópa um ákveðnar breytingar á íslenskri málnotkun. Það var t.d. ekki tekin ákvörðun um það hjá Íslenskri málnefnd að innleiða nýtt fornafn (*hán*) um fólk sem

skilgreinir sig hvorki sem *hann* né *hún*. Og ekki voru það almennar málnotkunarbækur eða orðabækur sem riðu á vaðið með að nota hvorugkyn fleirtölu í stað karlkyns fleirtölu í dæmum á borð við *öll sem vilja geta fengið eintak*. Um sjónarmiðin bak við atriði af þessu tagi og baráttu fyrir málbreytingum má t.d. lesa hjá Josephson og Þorgerði Einarsdóttur (2016). Á hinn bóginn hafa m.a. málfræðingar haldið því til haga hver málhefðin hefur verið og hvaða annmarkar kunni að fylgja breytingum varðandi merkingu og notkun (sjá t.d. Guðrúnu Þórhallsdóttur 2008). Þessi málstýringarviðleitni, sprottin úr ranni baráttufólks, stendur nú yfir og raunar að því leyti með opinberum stuðningi að Ríkisútvarpið heldur fram nýbreytni í málnotkun, a.m.k. að einhverju marki, hvað varðar viðleitni til kynhlutleysis með notkun hvorugkyns þar sem notað hafði verið karlkyn samkvæmt eldri málvenju. Hér er sem sé komið fram dæmi um tilraun til málstýringar sem lýtur að formi íslenskunnar. Málstýringuna má rekja til áhugafólks um tiltekin sjónarmið og hún getur með tímanum orðið almennt viðtekinn hluti íslenskrar málstefnu og birst í málhegðun og þá ekki aðeins hjá afmörkuðum hópum eða í vissum textategundum heldur almennt og í alls konar samhengi. Með öðrum orðum: Endurbætur Spolskys (2018) koma ágætlega heim við það sem er að gerast í íslenskri málstýringu í dag. Segja má að grunnur að málstýringu sé þar lagður af áhugafólki eða baráttufólki og í kjölfarið kemur stuðningur, eftir atvikum, frá stjórnvöldum eða frá áhrifaríkum fjölmiðli.

4 Lokaorð

Um og upp úr miðri 20. öld var farið að fjalla skipulega um málstefnu og málstýringu víða um heim og bera málsamfélög kerfisbundið saman með slíka þætti í huga – enda þótt viðfangsefnin séu vissulega mun eldri og málfræðingar hafi áður fengist við þau á ýmsan hátt á ýmsum tímum.

Í þessari grein hef ég sagt frá hugmyndum þriggja áhrifaríkra fræðimanna sem fjallað hafa um málstöðlun og málstefnu. Ég bar hugmyndirnar jafnharðan að íslenskum úrlausnarefnum. Fræðimennirnir eru Einar Haugen (1906–1994), Ulrich Ammon (f. 1943) og Bernard Spolsky (f. 1932). Sagt var stuttlega frá meginhugmyndum þeirra og sýnt hvernig má styðjast við þær í athugunum á íslenskri málsögu, málstöðlun og málstefnu. Hér er bæði að finna frásögn um athuganir

á íslensku efni sem kynntar hafa verið áður og niðurstöður sem ekki hafa birst fyrir en hér.

Vitaskuld hafa ýmsir aðrir fræðimenn en þremmingarnir ritað margt um sömu og svipuð efni og verður því hér á eftir farið fáeinum orðum um þá í ljósi annarra hugmynda. Full ástæða væri raunar til að vinna oftast með mikilvægar hugmyndir Milroys (2001) um staðalmál og hugmyndafræði í íslensku samhengi. Ekki síður þarf að gefa gaum nýrri rannsóknum á stöðlun, afstöðlun (e. *destandardisation*) og umstöðlun (e. *demotisation*) sem unnið hefur verið að innan SLICE-rannsóknarnetsins (sbr. Coupland og Kristiansen 2011). Að því er varðar íslensku má þó nefna eftirtaldir athuganir sem hafa verið unnar undir þeim formerkjum: Ari Páll Kristinsson (2013), Leonard og Kristján Árnason (2011), Ari Páll Kristinsson og Hilmarsson-Dunn (2013).

Ég hef áður haldið því fram (Ari Páll Kristinsson 2010:180) að greining Haugens (1966, 1972, 1983), sem og fleiri höfunda sem fjallað hafa um málstefnu (sbr. Cooper 1989 og Kaplan og Baldauf 1997), miðist einkum eða jafnvel eingöngu við sýnilega þætti málstýringar. Það er vissulega annmarki. Eitthvað svipað mætti segja um þær hugmyndir Ammons (2003, 2015) sem lýst var í 2.2.1. Jafnframt hef ég (Ari Páll Kristinsson 2010) bent á að hjá öðrum fræðimönnum en Haugen, sem fjalli um svipuð efni og hann, m.a. hjá Spolsky (2004), en einnig t.a.m. hjá Schiffman (1996) og Wright (2004), sé betur hugað að alls kyns duldom þáttum sem hafi sterk áhrif á málstefnu. (Um sýnilega og dulda málstefnu, sjá t.d. Ara Pál Kristinsson 2007:102–103.)

Rannsóknir í félagslegum málvísindum á síðari árum hafa í auknum mæli tengst virkni (e. *agency*) málnotenda og því hve mikilvægt sé að taka tillit til þess að stofnanir samfélagsins og ríkjandi hugmyndir þess séu fjarri því að vera alls ráðandi um málhegðun og málviðhorf; og jafnframt að hegðun og viðhorf eru breytileg bæði hjá sama málnotanda og innan hóps sem deilir sömu félagslegu bakgrunnsbreytum (s.s. aldri, kyni, menntun, búsetu o.s.frv.).

Eins og fram kom í kafla 3.1 bætti Spolsky (2018) við eldri kenningar sínar þáttum sem snúa að málstýrendum án formlegs valds. Og jafnframt gerði hann virkni málnotenda á vissan hátt skil með hugtakinu „eigin málstýring“. Áherslan á það síðastnefnda rímar reyndar ágætlega við þróunina í félagsmálvísindum sbr. það sem nú var nefnt um eigin virkni málnotenda sem var ekki meðal lykilhugtaka í árdaga greinarinnar. Breytt útfærsla Spolskys (2018) kemur á vissan hátt einnig vel heim og saman við hugmyndir Agers (2001) sem lagði áherslu á „hvata“ (e. *motivation*) í málstýringu; hvað það er sem rekur

samfélag og einstaklinga til þess að stýra máli sínu í einhvern tiltekinn farveg. Hjá Ager (2001) er meðal annars tiltekið að hvati beinist ekki bara að samfélagslegum markmiðum í einhverjum skilningi heldur líka að því að ná einhverjum persónulegum markmiðum með ákveðinni málnotkun (t.d. að koma sér áfram á vinnustað, „falla í kramið“, segja skilið við ákveðinn bakgrunn o.s.frv.). Undir þetta sjónarmið Agers hefur t.a.m. Kristján Árnason (2003b:193–194) tekið og bætt við:

In this broader sense, then, all linguistic behaviour, like any social behaviour, is planned, and each individual has in some sense his or her own (perhaps unconscious) “language policy”, involving among other things the choice of code and its form.

Endurbætur Spolskys (2018) á fyrri hugmyndum eru sem sé skref í þá átt að þróa greininguna til samræmis við nýrri strauma í félagsmálvísindum. Á hinn bóginn eru hugmyndir Ammons og Haugens miklu frekar miðaðar við það skeið í hugmyndasögunni sem kallað hefur verið nútími (e. *modernity*). Þrátt fyrir slíkar takmarkanir hafa þær gildi á sínum forsendum. Kostur við yfirlit Ammons um helstu krafta sem ákvarða málstaðal er að tiltölulega auðvelt virðist að færa það yfir á fleiri evrópsk málsamfélög en hin þýskumælandi sem það byggðist upphaflega á. Mikill ávinningur er að greiningu Haugens að því er varðar samanburð á málsögu á ólíkum tímabilum og í ólíkum málsamfélögum. Margir hafa nýtt greiningu hans sem gagnlegt tæki til flokkunar og á það ekki síst við um rannsóknir á sögu málstöðlunar. Má í því sambandi taka undir með Coupland og Kristiansen (2011:11):

we have, like many others, found Haugen’s model to be a valuable heuristic, while the search for new data and more comprehensive theory building continue in parallel with each other.

Heimildir

- Ager, Dennis. 2001. *Motivation in Language Planning and Language Policy*. Multilingual Matters.
- Albury, Nathan John. 2015. National language policy theory: exploring Spolsky’s model in the case of Iceland. *Language Policy*. Published online: 01 March 2015. <https://doi.org/10.1007/s10993-015-9357-z>
- A[lexander] J[óhannesson]. 1951. Látinn háskólakennari. Prófessor dr. Björn Guðfinnsson. *Árbók Háskóla Íslands*. Háskólaárið 1950–195, bls. 86–88. Reykjavík: Háskóli Íslands.

- Ammon, Ulrich. 2003. On the Social Forces that Determine what is Standard in a Language and on Conditions of Successful Implementation. *Sociolinguistica. International Yearbook of European Sociolinguistics*. 17. bindi, bls. 1–10.
- Ammon, Ulrich. 2015. On the social forces that determine what is standard in a language – with a look at the norms of non-standard language varieties. *Bulletin VALS-ALSA, n^o spécial, tome 3 / Bulletin suisse de linguistique appliquée* 2015:53–67.
- Ari Páll Kristinsson. 2007. Málræktarfræði. *Íslenskt mál og almenn málfræði*. 29:99–124.
- Ari Páll Kristinsson. 2009a. Et forsök på morfologisk normering. Í: Helge Omdal og Rune Røsstad (ritstj.). *Språknormering – i tide og utide?* bls. 171–183. Ósló: Novus.
- Ari Páll Kristinsson. 2009b. „Í fréttum er þetta helst.“ *Rannsókn á einkennum íslensks útvarpsmáls*. Ritgerð til doktorsprófs í íslenskri málfræði. Reykjavík: Hugvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Ari Páll Kristinsson. 2010. The »overt« and »covert« in LPP terminology. Í: Lars-Gunnar Andersson, Olle Josephson, Inger Lindberg og Mats Thelander (ritstj.). *Språkvård och språkpolitik. Language Planning and Language Policy*, bls. 180–192. Stokkhólmur: Språkrådet / Norstedts.
- Ari Páll Kristinsson. 2012a. Language management agencies counteracting perceived threats to tradition. *Language Policy* 11, 4:343–356.
- Ari Páll Kristinsson. 2012b. Íslensk málhugmyndafræði andspænis hernámi 1940. *Skírnir* 186:464–479.
- Ari Páll Kristinsson. 2013. Evolving language ideologies and media practices in Iceland. *Sociolinguistica. International Yearbook of European Sociolinguistics*. 27. bindi, bls. 54–68.
- Ari Páll Kristinsson. 2014. Ideologies in Iceland: The protection of language forms. Í: Anna Kristina Hultgren, Frans Gregersen og Jacob Thøgersen (ritstj.). *English in Nordic Universities: Ideologies and Practices*, bls. 165–177. Amsterdam: John Benjamins Publishing Company.
- Ari Páll Kristinsson. 2017. *Málheimar. Sitthvað um málstefnu og málnotkun*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Ari Páll Kristinsson. 2018. Implications of Ideology. Iceland and the so-called Nordic language community. *Nordicom-Information* 40 (2018) 2:83–87.
- Ari Páll Kristinsson. 2019. Norræn málstefna í orði og á borði. 33. *Rask-ráðstefnan*. Íslenska málfræðifélagið og Málvísindastofnun Háskóla Íslands. Reykjavík, 26. janúar 2019.
- Ari Páll Kristinsson og Amanda Hilmarsson-Dunn. 2013. Evaluation of different registers in Icelandic written media. Í: Tore Kristiansen og Stefan Grondelaers (ritstj.). *Language (De)standardisation in Late Modern Europe: Experimental Studies*, bls. 331–354. Ósló: Novus.
- Baldauf, Richard B. Jr. og M. Obaidul Hamid. 2018. Language planning ‘schools’ and their approaches and methodologies. Í: Lisa Fairbrother, Jiří Nekvapil og Marian Sloboda (ritstj.). *The language management approach: A focus on research methodology*, bls. 43–66. Berlín: Peter Lang.

- Baldur Sigurðsson. 2006. Forsetningar í markmiðum málfræðinnar. Arfur Björns Guðfinnssonar í málfræðikennslu á unglingsstigi grunnskóla. *Hrafnafing.* 3. árg. 2006, bls. 81–103. Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.
- Björn Guðfinnsson. 1935. *Íslenska I. Kennslubækur útvarpsins*. Reykjavík: Ríkisútvarpið.
- Björn Guðfinnsson. 1937. *Íslensk málfræði handa skólum og útítvarpi*. 1. útg. Reykjavík: Ríkisútvarpið.
- Björn Guðfinnsson. 1938. *Íslensk setningafræði handa skólum og útvarpi*. 1. útg. Reykjavík: Ríkisútvarpið.
- Björn Guðfinnsson. 1940. Tilræði við íslenskt mál. *Andvari* 65:73–81.
- Björn Guðfinnsson. 1947. *Breytingar á framburði og stafsetningu*. Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja h.f.
- Cooper, Robert L. 1989. *Language planning and social change*. Cambridge: Cambridge University Press.
- Coupland, Nikolas og Tore Kristiansen. 2011. SLICE: Critical perspectives on language (de)standardisation. Í: Tore Kristiansen og Nikolas Coupland (ritstj.). *Standard Languages and Language Standards in a Changing Europe*, bls. 11–35. Ósló: Novus.
- Deumert, Ana og Wim Vandenbussche. 2003. Standard languages. Taxonomies and histories. Í: Ana Deumert og Wim Vandenbussche (ritstj.). *Germanic Standardizations. Past to Present*, bls. 1–14. Amsterdam/Philadelphia: John Benjamins Publishing Company.
- Fairbrother, Lisa, Jiří Nekvapil og Marian Sloboda. 2018. Methodology in language management research. Í: Lisa Fairbrother, Jiří Nekvapil og Marian Sloboda (ritstj.). *The language management approach: A focus on research methodology*, bls. 15–39. Berlín: Peter Lang.
- Guðmundur B. Kristmundsson, Baldur Jónsson, Höskuldur Þráinsson og Indriði Gíslason. 1986. *Álitsgerð um málvöndun og framburðarkennslu í grunnskólum. Samin af nefnd á vegum menntamálaráðherra 1985–1986*. Rit Kennaraháskóla Íslands. B-flokkur: fræðirit og greinar 1. Reykjavík.
- Guðrún Þórhallsdóttir. 2008. Karlkyn eða hvorugkyn? Íslensk málhefð, femínísk málstýring og verkefni þýðingarnefndar. *Glíman* 5 (2008):103–134.
- Halldór Halldórsson og Baldur Jónsson. 1993. *Íslensk málnefnd 1964–1989*. Afmælisrit. Reykjavík: Íslensk málnefnd.
- Haugen, Einar. 1966. Dialect, Language, Nation. *American Anthropologist*. New Series. Vol. 68. No. 4 (Aug., 1966):922–935.
- Haugen, Einar. 1972. *The Ecology of Language*. Ritstj. Anwar S. Dil. Stanford: Stanford University Press.
- Haugen, Einar. 1983. The Implementation of Corpus Planning. Theory and Practice. Í: Juan Cobarrubias og Joshua A. Fishman (ritstj.): *Progress in Language Planning. International Perspectives*, bls. 269–290. Berlín/New York/Amsterdam: de Gruyter Mouton.

- Hilmarsson-Dunn, Amanda og Ari Páll Kristinsson. 2010. The Language Situation in Iceland. *Current Issues in Language Planning*, 11(03):207–276.
- Hilmarsson-Dunn, Amanda og Ari Páll Kristinsson. 2013. The language situation in Iceland. Í: Robert B. Kaplan, Richard B. Baldauf, Jr. og Nkonko M. Kamwangamalu (ritstj.). *Language Planning in Europe: Cyprus, Iceland and Luxembourg*, bls. 100–169. London / New York: Routledge.
- Íslenska til alls. Tillögur Íslenskrar málnefndar að íslenskri málstefnu samþykktar á Alþingi 12. mars 2009. http://www.islenskan.is/Islenka_til_alls.pdf
- Josephson, Jyl og Þorgerður Einarsdóttir. 2016. Language Purism and Gender. Icelandic Trans*Activists and the Icelandic Linguistic Gender Binary. *TSQ: Transgender Studies Quarterly*. Vol. 3, Numbers 3–4, November 2016, bls. 376–387.
- Jóhannes B. Sigtryggsson. 2006. Tvær gerðir málfræðibókar: Breytingar á Íslenskri málfræði Björns Guðfinnssonar. *Skíma* 58:46–50.
- Kaplan, Robert B. og Richard B. Baldauf Jr. 1997. *Language Planning: From Practice to Theory*. Clevedon: Multilingual Matters.
- Kristján Árnason. 2002. Upptök íslensks ritmáls. *Íslenskt mál og almenn málfræði* 24:157–193.
- Kristján Árnason. 2003a. Icelandic. Í: Ana Deumert og Wim Vandenbussche (ritstj.). *Germanic Standardizations. Past to Present*, bls. 245–279. Amsterdam/Philadelphia: John Benjamins Publishing Company.
- Kristján Árnason. 2003b. Language planning and the structure of Icelandic. Í: Kristján Árnason (ritstj.). *Útnorður: West-Nordic Standardisation and Variation*, bls. 193–218. Reykjavík: Institute of Linguistics / University of Iceland Press.
- Kristján Árnason. 2004. „Á vora tungu.“ *Íslenskt mál og erlend hugsun. Skírnir* 178. ár, haust 2004:375–404.
- Leonard, Stephen Pax og Kristján Árnason. 2011. Language ideology and standardisation in Iceland. Í: Tore Kristiansen og Nikolas Coupland (ritstj.). *Standard Languages and Language Standards in a Changing Europe*, bls. 91–96. Ósló: Novus.
- Lög um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls nr. 61/2011.
- Milroy, James. 2001. Language ideologies and the consequences of standardization. *Journal of Sociolinguistics* 5,4:530–555.
- Schiffman, Harold F. 1996. *Linguistic Culture and Language Policy*. London: Routledge.
- Spolsky, Bernard. 2004. *Language Policy*. Cambridge: Cambridge University Press.

- Spolsky, Bernard. 2009. *Language Management*. Cambridge: Cambridge University Press.
- Spolsky, Bernard. 2018. A modified and enriched theory of language policy (and management). *Language Policy*. Published online: 05 September 2018. <https://doi.org/10.1007/s10993-018-9489-z>
- Stefán Einarsson. 1949 [1945]. *Icelandic. Grammar. Texts. Glossary* (2. útg. 1949). Baltimore: Johns Hopkins Press.
- Vikør, Lars S. 2007. *Språkplanlegging. Prinsipp og praksis*. 3. útg. Ósló: Novus.
- Wright, Sue. 2004. *Language Policy and Language Planning. From Nationalisation to Globalisation*. Basingstoke / New York: Palgrave Macmillan.

Lykilorð

málstefna, málstyring, málhegðun, málviðhorf, málstöðlun, þjóðtunga

Keywords

language policy, language management, language practices, language beliefs, standardization, national language

Abstract

Theoretical analyses and models by Haugen (1966), Ammon (2003, 2015) and Spolsky (2004, 2009, 2018) on language standardization, language policy and language management are described and discussed, along with some detailed accounts on how these have been or may be used in the study of Icelandic language standardization and language policy at various points in the history of Icelandic. Furthermore, some advantages and shortcomings of these analyses are discussed in comparison with different theoretical approaches.

Ari Páll Kristinsson
Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum
Laugavegi 13
IS-101 Reykjavík
ari.pall.kristinsson@arnastofnun.is

